

3. tbl. 26. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
skemmtilegast að versla

Ásýnd Miðborgarinnar breytist



Ásýnd Miðborgarinnar breytist stöðugt. Nýjar byggingar hafa verið og eru að rísa og enn má búast við framkvæmdum sem breyta ásýnd og umhverfi.

Ein þeirra er ný skrifstofubygging Alþingis við Tjarnargötu 9. Nýbyggingin mun sameina starfsemi

Alþingis. Við það mun losna húsnæði sem þingið hefur haft til afnota til viðbótar húsnæði sem losnar þegar Landsbankinn flytur í nýtt húsnæði á hafnarsvæðinu. Þessar byggingaframkvæmdir bjóða upp á að ný starfsemi komi í Miðborgina.



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367
Netverslun:
systrasamlagid.is
Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

- bls. 4-5
Viðtal við
Heiðu Björgu
Hilmisdóttur
borgarfulltrúa

- bls. 6
Umferðabreytingar
við Ánanaust

- bls. 8
Grásleppuskúrarnir
við Ægisíðu

- bls. 12
Tjörnin
fyrirmyndar-
vinnustaður



Er **mars** þinn skoðunarmánuður?
Verið velkomin á **Grandann**



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Melabúðin

VERSLUN SÆLKERANS



Má ekki fara
að grilla?

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

3. tbl. 26. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Mygla

Á heimasíðu verkfræðistofunnar Eflu segir að ástæða þess að byggingar skemmast megi í 80% tilfella rekja til raka í húsnæðinu hvort sem er vegna rakapéttingar, leka eða vatnstjóna.

En af hverju eru íslenskar byggingar svo næmar fyrir raka-skemmdum. Að einhverju leyti má rekja það til veðurfars.

Miklar heitasveiflur einkenna veðrið. Einkum á vetrum. Hvassviðri eru algeng. Rok og úrkoma bylur á byggingum um vetrartímann. Stormurinn og rakinn leitar að glufum til þess að smjúga í.

Af þeim ástæðum þurfa byggingar að standast álag sem hörð veðrátta skapar. Svo virðist sem mikið vanti á að byggt sé í samræmi við þær aðstæður. Mygla eða skemmdir af raka eru sífellt að kom fram í byggingum. Jafnvel nýlega reistum.

Hvað veldur. Vanþekking eða skeytingarleysi nema að hvort tveggja komi til.

Söðugt eru ný byggingarefni að koma fram. Rannsóknir og þekkingaröflun er nauðsynlegt. Þekking þarf að myndast um hvernig tryggja megi að vatn komist ekki í innviði mannvirkja og valdi skemmdum og tjóni.

Byggingaraðilar og þeir sem starfa við byggingar verða einnig að hafa sömu sannindi að leiðarljósi. Þekking og vandvirkni verða að vera í fyrirrúmi.

Kostnaður vegna myglu og rakaskemmda í byggingum er orðin íþyngjandi. Enginn virðist bera ábyrgð á því ástandi.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Mygla í Melaskóla

Mikil vinna framundan vegna viðhalds

Svo bregðast krosstré sem önnur tré segir gamalt málteki. Eitt virðulegasta skólahús borgarinnar hefur staðið á Melunum í áratugi. Á meðan þurft hefur að loka yngri skóla- og leikskólahúsum vegna mygluvanda hefur þetta virðulega hús staðið hnarreist á lóðinni við Hagamel 1. En nú hefur orðið breyting á. Mygla hefur greinst á nokkrum stöðum í eldra húsnæði skólans. Þetta kemur fram í tölvupósti sem nýverið var sendur á foreldra og aðstandendur barna í Melaskóla.

Í tölvupósti sem Harpa Reynisdóttir skólastjóri Melaskóla hefur sent foreldrum og aðstandendum barna kemur fram að sérfræðingar hjá verkfræðistofunni Eflu hafi verið að skoða ástand skólans í vetur, meðal annars með rakamælingum og sýnatökum. Niðurstöðurnar hafi verið kynntar skólastjórnendum. Fyrir liggir að mygla greinist á nokkrum stöðum í eldra húsinu. Upprunalegi gólfúkurinn sé þó til varnar hann sé einstaklega þykkur. Farið verður í minni háttar aðgerðir og tilfæringar strax en ekki er talið að flytja þurfi að starfseminu úr húsi. Ráðast á í umfangsmeiri framkvæmdir á komandi sumri. Fimm skólar hafa verið lokaðir, í heild eða að hluta til. Hagaskóli, Laugarnesskóli, Sunnuás, Grandaborg og Nóaborg.

Þrjár leiðir til úrbóta

Verkfræðistofan Efla hefur bent á þrjár leiðir til úrbóta. Í fyrsta lagi er um að ræða allsherjar endurnýjun á bæði ytra og innra



Melaskóli við Hagamel.

byrði hússins. Einangra húsið að utan og koma fyrir vatnsvarnar lagi í formi gufuopsins dúk sem þéttur er við glugga. Hreinsa múr og öll einangrunarefni innan af veggjum sótthreinsa burðarveggi og múra. Til að hægt sé að fara þessa leið sem sem talin er besta leiðin út frá byggingaeðlisfræði sjónarmiði og varðveislu hússins þurfi að aflétta friðunar ákvæði sem er á ytri hjúp hússins. Önnur leið sem Efla leggur til er að hreinsa múr og öll einangrunarefni innan af veggjum sótthreinsa burðarveggi. Endurnýja steiningu hússins og glugga. Endurbýggja innra byrði á sama máta og upprunalegur frágangur var eða með sama einangrunargildi til að tryggja að burðarvirki haldist heitt

og þannig fyrirbyggja frostskemmdir í steypu. Kostur við þessa leið er að hún breytir ekki útleti hússins en ókostur að þessar viðgerðir duga tæpast lengur en um áratug. Í þriðja lagi er lagt til að halda áfram staðbundnum aðgerðum skipta einungis um þá glugga sem leka og reyna inndælingar. Fara í stað bundnar aðgerðir innan dyra meðfram útveggjum, fjarlægja dúka og ílögð frá veggjum velja önnur gólfefni en dúka næst útveggjum. Þessi leið er ódýr en verkfræðistofan bendir á að þarna sé um skammtímalausn að ræða og mikið viðhald verði á húsinu innan fárra ára. Hvaða leið sem farin verður er ljóst að mikið verk er framundan vegna viðhalds Melsskóla.

Deiliskipulag KR svæðisins

Kæru húsfélaga hafnað



Þannig mun KR svæðið líta út séð frá Kaplaskjólsvégi að framkvæmdum loknum.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur hafnað kæru tveggja húsfélaga við Meistaravelli í Vesturbæ Reykjavíkur um að nýtt deiliskipulag fyrir KR-svæðið verði fellt úr gildi.

Húsfélögin sögðu í kæru sinni að engar handbærar eða raunhæfar upplýsingar um umfang, áhrif og afleiðingar að baki deiliskipulagsins lægju fyrir og ljóst væri að hagsmunir KR hefðu einir verið hafðir að leiðarljósi. Úrskurðarnefndin segir í niðurstöðu sinni að ekki verði talið að grenndarhagsmunum íbúanna hafi

verið raskað með þeim hætti að réttur þeirra hafi verið borð borinn. Skipulagsyfirvöld hafi nokkurt svigrúm við mat á því hvert ásættanlegt skuggvarp sé hverju sinni og framsetning varðar bílastæðafjöldi sé í samræmi við skipulagsreglugerð. Heildarstærð nýbygginga á KR svæðinu verða um 51 þúsund fermetra en áætlað er að byggingar sem fylla í 2.600 fermetra verði fjarlægðar en núverandi byggingar sem áfram standa verða 5.565 fermetrar. Alls er áætlað að heildarstærð mannvirkja verður um 56.525 fermetrar.

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði
á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði
miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar
fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is



Neyðarskýlin eru aðeins skammtíma úrræði.

Ég er alin upp við það viðhorf að enginn sé merkilegri en annar og allir jafnir. Þetta var mjög sterkt í mínu uppeldi og hefur ekkert breyst. Ég el börnin mín upp með þessu sjónarmiði.

neyslunni mátti bara að snúa við því baki. “Þetta er hugsunarháttur fyrri tíðar sem er á undanhaldi. Það getur líka verið erfitt fyrir fólk sem vill og er að reyna að taka á sínum málum að vera ekki í tengslum við þá sem því þykir vænt um. Við fjölskyldur sínar eða vini. Kannski búið að brenna allar brýr að baki sér. Þetta getur verið hluti vandans. Því skiptir máli að standa með fólki í svona aðstæðum. Ég hef hitt mæður úr öðrum sveitarfélögum

sem hafa sagt mér hversu erfitt sé að horfa á eftir barninu sínu á götuna í Reykjavík og þurfa síðan að koma úr öðru sveitarfélagi til þess að leita eftir aðstoð.”

Betra að fólk geti fengið þjónustu í nærumhverfi sínu

Heiða segir mismunandi þjónustu í boði eftir sveitarfélögum og engin launung á því að fólk



Fundur um velferðarmál sem haldin var í Gerðubergi fyrir skömmu. Heiða Björg Hilmisdóttir stýrði fundi.

með vanda af þessu tagi leitar inn í Reykjavík. Hún segir að betra væri að þessi málaflokkur væri meira lands verkandi þannig að fólk geti fengið meiri þjónustu í sínu nærumhverfi og geti verið nálægt þeim sem því þykir vænt um og verið í umhverfi sem það þekkir. Einnig geti verið gott að dreifa fólki sem á í erfiðum félagslegum vanda í stað þess að hópa því of mikið saman eins og hefur verið gert. Nauðsynlegt sé fyrir fólk og ekkert síður fólk sem er í viðkvæmri stöðu að hitta og umgangast breytilega hópa.

Eigum ekki að flokka fólk

“Ég hef verið að leggja áherslu á í mínu starfi að velferðarmálum að við gerum minna að því að

flokka fólk. Við verðum að vera umburðarlyndari gagnvart því að við erum allskonar og alls staðar í samfélaginu. Eldra fólk á ekki endilega bara að hitta annað eldra fólk. Eins er með yngra fólkið. Fólk þarf að hafa tækifæri til að blandast saman. Hluti af þessu er að við höfum verið að opna húsnæði sem einkum hefur verið fyrir félagsstarf eldri borgara fyrir yngra fólki. Markmiðið er að fólk nái að blandast betur saman og geti miðlað hvort öðru af áhugamálum og reynslu. Ég veit að yngra fólk sem sumt er ekki a vinnumarkaði meðal annars af því að það er með ung börn er farið að notfæra sér þessa aðstöðu. Ég get nefnt Aflagrandann sem dæmi, einnig Gerðuberg í Breiðholti og

Vitatorgið við Vitastíg. Þar er komin leikaðstaða fyrir börn. Þar hittist fólk af mismunandi kynslóðum, kynnist, fordómar minnka og allt verður skemmtilegra.” Heiða rifjar upp árin sem hún var í fæðingarorlofi. Kveðst þá hafa sótt Sólheimabókasafnið reglulega, þar hafi fólk af flestum kynslóðum komið. “Þarna sá ég hvað fólk hefur gott af því að hittast yfir kaffibolla og tala saman á milli kynslóða.”

Stendur upp á okkur að tala meira saman

Karp í borgarstjórninni ber á góma. Telur Heiða of miklum tíma eytt í að karpa um hluti í stað þess að leita að lausnum. Hún hugsar sig um. “Reykjavík er stórkostleg borg. Borgarbúar eru eðlilega allskonar fólk og kjósa sér fulltrúa með mismunandi viðhorf. Ég er stolt af að starfa á þessum vettvangi. Mér finnst hins vegar standa upp á okkur og tala meira saman og reyna að ræða okkur niður á niðurstöður. Það verða allir aldrei sáttir með allt. En við mætum reyna meira að stuðla að sátt og samstöðu. Ég er ekki í stjórnámálum bara til þess að vera á móti einhverjum. Heldur til þess að koma ákveðnum viðhorfum á framfæri. Ég er alin upp við það viðhorf að enginn sé merkilegri en annar og allir jafnir. Þetta var mjög sterkt í mínu uppeldi og hefur ekkert breyst. Ég el börnin mín upp með þessu sjónarmiði,” segir Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi.

Við stækkum fermingargjöfina

Við gefum fermingarbörnum allt að **12.000 króna** mótframlag þegar þau spara fermingarpeninginn hjá okkur.

Við erum betri saman

Ný hafnarvigt við Bakkaskemmu



Gamla hafnarvigtin á Grandagarði. Til hægri séð í Kaffivagninn.

Til stendur að fjarlægja gömlu hafnarvigtina við Grandagarð. Hún hefur staðið norðaustan við Kaffivagninn í 64 ár. Nýrri hafnarvigt verður komið fyrir norðar á Grandanum. Austan við Bakkaskemmuna við Grandagarð 16.

Ný staðsetning við Bakkaskemmu er við hlið fiskmarkaðarins og beint á móti Grandabakka þar sem stærri fiskiskipin landa. Þá sé stutt að Bótarbryggju þar sem smábátarnir landa. Nýja jafnarvigtin er bresk, af Avery-gerð, er 18 metra löng og getur tekið 60 tonna þunga vörubíla. Vigtin mun sú fullkomnasta sem völ er á í dag.

Umferðabreytingar við Ánanaust

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna, í samvinnu við Vegagerðina við Ánanaust og Eiðsgranda. Með þessu er ætlunin að bæta umferðaröryggi meðal annars með nýjum gönguljósum og endurbótum á göngubverun.

Ný gönguljós eiga að koma á Eiðsgranda, vestan við innkeyrslu að Hringbraut 121 eða JL Húsið. Fækka á akreinum vestur Eiðsgranda og fjarlægja núverandi vinstribeyggjuasa en í staðinn verður núverandi vinstri akrein gerð að beygjuakrein. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að ekki verði hægt að taka vinstri beygju frá Hringbraut 121 inn á Eiðsgranda. Þá á að setja upp miðeyjur á milli akreina í og úr hringtorginu. Þeim er ætlað að veita gangandi vegfarendum á leið yfir götuna skjól en tvær akreinar eru í hvora átt á Ánanaustum svo erfitt getur verið að átta sig á eða hafa yfirsýn yfir aðvífandi umferð. Með þessu er einnig verið að bæta aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda en við sjóinn er vinsæl göngu- og hjólaleið.



Á myndin sjást umferðalínur vestur Eiðsgranda og út í Örfirisey.

Eiðisgrandinn er önnur af tveimur aðalumferðaðum til og frá Seltjarnarnesi. Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri segir að ekki hafi verið rætt við bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar í tengslum við framkvæmdirnar enn sem komið er. Hann telur nauðsynlegt að vera með í ráðum í svona veigamiklum breytingum og kveðst muni koma athugasemdum á framfæri varðandi þetta.

Forhönnun Lækjartorgs kynnt

Áhersla á virkni Lækjartorgs



Þannig sjá hönnuðir Lækjartorgs torgið fyrir sér í framtíðinni.

Forhönnun á nýju útliti Lækjartorg hefur nú verið kynnt umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar. Hönnunin var valin fyrir um ári síðan eftir að efnt hafði verið til hönnunarsamkeppni. Hún þótti bæði djörf, hlýleg og rómantísk.

Hönnuðir nýja torgsins eru Karres en Brands og Sp(r) int Studios og kynntu þau hönnunina fyrir umhverfis- og skipulagsráði. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir

hefjist á þessu ári. Þegar hönnunin var fyrst kynnt fyrir ári í kjölfar hönnunarsamkeppnir Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra landslagsarkitekta sagði talsmaður hönnunarteymisins að lögd hafi verið áhersla á að með nýrri hönnun haldist virkni Lækjartorgs sem staðsetning útifunda, viðburða og miðstöð samgangna.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstýringu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtakerfi?



• EIGNAumsjon

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN hf

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Geirfugl Ólafar losnað af festingunum

Geirfugl verk Ólafar Nordal myndlistarmanns losnaði af festingum sínum í Skerjafirði í hvassviðri sem gekk yfir landið eftir langan frostkafila fyrr í vetur. Verkið er staðsett í fjöru fyrir neðan Skeljatanga í Skerjafirði og hefur verið þar frá því á árinu 1998. Verkið er í eigu Listasafns Reykjavíkur.

Geirfugl Ólafar er úr áli og er eftirlíking hins útdaða geirfugls. Verkið stendur á hnallungi úti fyrir fjörunni og vísar til Eldeyjar, þar sem síðustu tveir geirfuglarnir á Íslandi eru taldir hafa verið drepnir árið 1844. Íslendingar drápu parið fyrir erlendan safnara sem bauð háar upphæðir. Geirfugli Ólafar var upphaflega komið þar fyrir sem hluta af afmælissýningunni Strandlengjan sem Myndhöggvarafélag Reykjavíkur stóð fyrir árið 1998. Reykjavíkurborg festi kaup á verkinu árið 2000 og var því þá komið fyrir að nýju á sama stað og stendur þar enn.

Sagan segir að geirfuglinn hafi verið veiddur til matar og fjaðrir hans notaðar í fatnað. Þar sem hann var ófleygur þótti hann auðveld bráð til veiða. Til eru ýmsar frásagnir af því að þegar menn fóru út á eyjarnar í fuglatekju hafi þeir orðið fyrir árásum geirfugla. Fuglarnir hafi ráðist á mennina í þéttum fylkingum með miklum krafti og troðið þá niður. Eina leiðin til að sjá við árásum að þessu tagi hafi



Geirfuglinn var kjötmikill og þótti góður til matar.

verið að drepa fuglana sem fremstir voru í fylkingunni. Þá hafi hinir snúið við og reynt að flýja. Aldrei hafi verið auðveldara að veiða þá

en á flóttanum. Um aldamótin 1800 var ofveiði farin að hafa áhrif á fjölda geirfugla sem hafði þá fækkað verulega.

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

HRADÍ

Á Hjúlparsímanum 1717 starfa sérþjálfar sjálfboðabílar sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Þínir menn í Vesturbænum

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur óskráðra eigna** sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

- Góð þjónusta
- Fagljósmyndun
- Sanngjörn sölubóknun

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur
Finnbogason
lökk. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Gunnar
S. Jónsson
lökk. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



Vilja byggja á Sólvallagötu 47



Sólvallagata 47.

Nýverið barst skipulagsfulltrúanum í Reykjavík fyrirspurn um Sólvallagötu 47. Fyrirspyrjandi var Jakob Líndal arkitekt þar sem spurst var fyrir um að hvort rífa mætti núverandi íbúðarhús á lóðinni eða flytja það.

Á lóðinni við Sólvallagötu 47 stendur litíð einbýlishúsi á stórri lóð á milli tveggja fjölbýlishúsa. Ætlun fyrirspyrjanda er að leita leyfis til að byggja nýtt fjölbýlishús þess í stað. Staðsetningin þykir henta til þess að byggja fjölbýli og fjölga þar með íbúðum í hjarta Vesturbæjarins. Málinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

IÐA byggir eftirtektarverða blokk við Frakkastíg



Þannig hugsa hönnuðir sér útlit blokkarinnar við Frakkastíg 1. Til hliðar má sjá Arnhildi Pálmadóttur arkitekt og Björt Ólafsdóttur framkvæmdastjóra.

Bygginga- og ráðgjafafélagið Iða hefur gengið frá hluta-fjáráukningu og fengið öfluga fjárfesta í lið með sér. Ætlunin er að byggja framúrstefnulegt fjölbýlishús við Frakkastíg 1 í miðborg Reykjavíkur. Hönnun hússins er einkar eftirtektarverð. Þá verður húsið reist eftir aðferðum hringrásarhagkerfisins.

Björt Ólafsdóttir fyrrum umhverfis- og auðlindaráðherra og nú framkvæmdastjóri IÐU segir á facebooksíðu sinni að gengið hafi verið frá hlutafjáráukningu og fengnir öflugir fjárfestar til að hleypa af stokkunum áhugaverðu og krefjandi verkefni til að hanna og byggja fjölbýlishús á Frakkastíg 1. Hún segir að eitt skref í byggingaiðnaðinum vera að huga að byggingarefnunum og vera ekki sífellt að henda dýrmætum auðlindum, heldur upphanna og skapa nýtt. Samhliða uppbyggingunni á Frakkastíg er IÐA að vinna fyrir geirann í heild sinni og hefur fengið til þess styrk úr ASKI Mannvirkjasjóði. Danska arkitektastofan Lendager með Arnhildi Pálmadóttur arkitekt í broddi fylkingar sem sér um hönnun hússins við Frakkastíg 1.

Grásleppuskúrarnir við Ægisíðu

Minjar um merka starfsemi



Grásleppuskúrarnir við Ægissíðu.

Búið er að gera einn grásleppu-skúranna við Ægisíðu upp. Skúrarnir hafa verið í umsjá Borgarsögusafns Reykjavíkur frá 2017. Vorið 2020 var sá grásleppu-skúr sem stóð vestast fjarlægður til viðgerðar en viðgerðaráætlun var á vegum Borgasögusafnsins. Reynt var að nota allt nýtilegt sem til var af byggingarefni. Eitt af því sem kom í ljós við endurbygginguna voru leifar af tjörupappklæðingu sem var á skúrnum eftir miðja síðustu öld og einnig gluggasetning. Fyrir nokkrum misserum var skipt um jarðveg í kringum skúrana. Einnig fór fram fornleifarannsókn á þeim hluta svæðisins sem hróflað var við og þá fundust m.a. aldargömul ummerki um mannanna verk á svæðinu.

Grásleppuútgærd frá Ægisíðu á sér langa sögu. Þegar mest var þá voru sextán bátar gerðir þaðan út. Því eru um merkar atvinnuminjar að ræða fyrir Reykjavík. Hætt var að róa frá Ægissíðunni fyrir rúmum tveimur áratugum. Skúrarnir hafa látið mjög á sjá og eru lýti í augum sumra en aðrir sjá í þeim fegurðina og söguna. Þar hafa tekist á gamalkunnug sjónarmið um mengun eða minjar. Í byrjun árs 2005 var hafist handa um að rífa flesta skúrana. Talin var hætta á því að skúrarnir gætu brotnað og hlutar af þeim fokið í slæmu veðri og valdið hættu og tjóni. Einnig var talið að fíkniefnaneytendur hefðust við í skúrnum yfir sumartímann, enda sumir af þeim opnir.

Hugmyndir um minningarreit

Nokkrir skúranna fengu að standa áfram. Um var að ræða skúra sem einhver kannaðist við að eiga og vildi halda. Sú hugmynd kom fram að hafa nokkurs konar minjareit um þessa grásleppuútgærd á þessum stað í framtíðinni. Af þeim sökum voru spil og bátagrindur sem notuð voru til að ná bátunum á land ekki sett í brotajárn, heldur geymt í geymslum borgarinnar og ef til vill notað þegar ákveðið hefur



Löng hefð er fyrir því að kalla hrognkelsi tveimur nöfnum, hrygnan er nefnd grásleppa og hængurinn rauðmagi.

verið hvernig staðið verður að minningarreitnum.

Endurvakning útgerðarinnar

Ári síðar 2006 lagði Kjartan Magnússon borgarfulltrúi til að endurvekja grásleppuútgærd í Grímsstaðavör við Ægissíðu í Reykjavík. Hann lagði tillöguna um endurvakningu útgerðarinnar og friðun grásleppuskúranna fram í menningarmálanefnd. Kjartan benti þá á að skúrarnir við Ægissíðu væru elstu minjar um smábátaútgærd í Reykjavík og því afar mikilvægt sé að varðveita þá.


Viðgerðir hafnar – hugmyndir um sjósund

Stefán Pálsson sagnfræðingur lagði til lagfæringar á skúrnum og öðrum mannvirkjum sem við þá standa í grein 14. október 2004. „Með vinnu og alúð mætti endurvekja blæ þess tíma þegar róíð var úr annarri hverri vör og fiskiskúrar stóðu með fram allri strandlengju borgarinnar,“ sagði í greininni. Guðjón Friðriksson

sagnfræðingur og sérfræðingur í sögu Reykjavíkur var sama sinnis. „Mér finnast skúrarnir setja ákveðinn sjarma á þetta svæði. Þeir eru orðnir fastir punktar í Reykjavík og tengjast minningum fólks,“ sagði Guðjón í viðtali. Ellý K. J. Guðmundsdóttir þáverandi forstöðumaður Umhverfis og heilbrigðisstofn Reykjavíkur segði reynt yrði að leysa málið þannig að um það ríki sátt. „Ég held að það sé enginn ágreiningur um þetta, allir eru sammála um að þetta eru minjar en þær líta ekki vel út í augnablikinu.“ Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður var sama sinnis og kvað fulla ástæðu til að varðveita skúrana og gera þá upp svo prýði sé af á því fjölfarna útivistarsvæði sem Ægisíða er. „Þetta eru minjar um sjósókn við Skerjafjörðinn og merkur þáttur í sögu borgarinnar,“ sagði Guðný. Nú hafa viðgerðir á fyrsta grásleppuskúrnum staðið yfir um tíma og ljóst má vera að þessar minjar um sjósókn og útveg fyrri tíma fái að standa. Þá hefur verið unnið að því að útbúa aðstöðu til sjósunds við grásleppuskúrana.

KOMDU NIÐUR Í SLIPP

OG LYFTU ÞÉR UPP MEÐ OKKUR



Á Slippbarnum er alltaf fjör!

Vín og vínill á miðvikudögum kl. 18-21.
Plötusnúðar spila bara plötur og
vín glasið kostar 1.000 kr. á meðan.
Komdu með þína uppáhalds!

Plötusnúðar þeyta skífum
alla laugardaga kl. 17-21.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SLIPPBARINN.IS



SLIPPBARINN

RESTAURANT • BAR

Tökum litagleðina á næsta stig!


23. mars frumsýnum við nýjan matseðil og nýjan
kokteílaseðil og þemað er litapalletta!

Taktu mynd af auglýsingunni og sýndu hana þegar
þú mætir og þá færðu 20% afslátt* af kokteílum.

Búðu þig undir litríka skemmtun á Slippbarnum.

Gildir til 10. apríl.

*Gildir ekki með öðrum tilboðum eða á Happy Hour.



Þrír sóttu um að verða skólastjóri Melaskóla



Þrjár umsóknir bárust eftir að staða skólastjóra Melaskóla var auglýst nýlega en einn dró umsókn sína til baka. Hinir sem sóttu um eru Harpa Reynisdóttir sem ráðin var tímabundið í stöðu skólastjóra við skólann og Díana Ívarsdóttir kennari. Stefnt er að því að ráðningu verði lokið fyrir páska.

Hinir sem sóttu um eru Harpa Reynisdóttir sem ráðin var tímabundið í stöðu skólastjóra við skólann og Díana Ívarsdóttir kennari. Stefnt er að því að ráðningu verði lokið fyrir páska.



Kyrravika og páskar í Neskirkju

Pálmásunnudagur, 2. apríl
Hátíðarmessa kl. 11.00 á vígsludegi kirkjunnar.
Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar.
Báðir prestar kirkjunnar þjóna.
Sunnudagaskólinn er á sínum stað með söng, sögum og gleði.
Kaffiveitingar og samfélag á Torginu eftir messu.

Skírdagur, 6. apríl
Messa og máltíð í kirkjuskipinu kl. 18.00.
Viðstaddir gæða sér á mat. Þau sem geta leggja eitthvað á borð með sér. Brauði og víni er deilt út undir borðum.
Prestur er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.
Félagar úr Kór Neskirkju syngja undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista.

Föstudagurinn langi, 7. apríl,
Helgistund kl. 11.00. Píslarsagan lesin og hugleidd.
Tónlist í anda dagsins.
Steingrímur Þórhallsson er við hljóðfærið.
Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson.

Páskadagur, 9. apríl
Hátíðarmessa kl. 8.00.
Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar.
Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar sungið.
Prestar kirkjunnar þjóna.
Morgunkaffi og páskahlátur að messu lokinni.

Fjölskylduguðsþjónusta og páskaeggjaleit kl. 11:00.
Sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir leiðir stundina ásamt starfsfólki barnastarfsins.

Fermingarmessur eru laugardaginn 1. apríl kl. 11.00 og 13.30, annan í páskum 10. apríl kl. 11.00 og sunnudaginn 16. apríl kl. 13.30

Lokahátíð Stóru-upplestrarkeppninnar

Birta Hall úr Vesturbæjar-skóla sigurvegari

Lokahátíð Stóru-upplestrar-keppninnar í hverfi Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða fyrir skólaárið 2022 til 2023 fór fram miðvikudaginn 15. mars 2023 í Háteigskirkju. Stóra-upplestrarkeppnin er fyrir nemendur í 7. bekk og hefst undirbúningur hennar í öllum þátttökuskólum á degi íslenskrar tungu, eða 16. nóvember hvert ár. Ræktunarhlutinn sjálfur er höndum grunnskólanna og er lokahátíðin unnin í samstarfi við Vesturmiðstöð.

Í ár tóku níu grunnskólar í hverfum Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða sem tóku þátt; Austurbæjar-skóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Grandaskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Landakotsskóli, Melaskóli, Suðurhlíðarskóli og Vesturbæjarskóli.

Keppendur lásu upp fyrirfram ákveðin texta eftir höfund keppninnar í ár, Gunnar Helgason og ljóð eftir skáld keppninnar, Aðalstein Ásberg Sigurðsson. Í síðustu umferðinni lásu keppendur upp ljóð að eigin vali við mikla hrifningu meðal áhorfenda.

Óhætt er að segja að keppendur hafi staðið sig með þrýði og verið sjálfum sér og sínum skóla til mikils sóma. Dómnefndin var ekki öfundsverð af hlutskipti sínu að velja í verðlaunasætin og var mjótt á munum. Að lokum fór það svo að Birta Hall úr Vesturbæjarskóla var valinn sigurvegari keppninnar í ár. Signý Sóllilja Hrannarsdóttir



Birta Hall úr Vesturbæjarskóla var valinn sigurvegari keppninnar. Signý Sóllilja Hrannarsdóttir úr Vesturbæjarskóla var í 2. sæti og Baldur Þórarinnsson úr Melaskóla var í 3. sæti.

úr Vesturbæjarskóla var í 2. sæti og Baldur Þórarinnsson úr Melaskóla var í 3. sæti.

Allir þátttakendur stóðu sig með mikilli þrýði og óskum við þeim öllum til hamingju með þátttökuna.

Barnalýðræði í Undralandi

Barnalýðræði lifir í Frístundaheimilinu Undralandi við Grandaskóla. Börnin taka virkan þátt í starfi Undralands með vikulegum Barnaráðsfundum. Á þessum fundum er allt rætt sem snýr að starfinu - hvað gengur vel og hvað má bæta?

Stjórnendur Undralands fóru einu skrefi lengra eftir áhugaverða vettvangsferð til Berlínar þar sem það var skoðað hvernig skólar og frístundastarfi eru að vinna með barnalýðræði. Börnin í Undralandi hafa val um að mæta á Barnaráðsfundum á föstudögum þar sem þau taka þátt í að móta starfið. Ýmislegt hefur verið rætt, t.d. “Eigum við að fá meira grænmeti í hressingu?” og “Hvernig eigum við að bæta frágigni í fatahenginu?”



Barnaráðsfundir eru á föstudögum í Undralandi.

Ásta Rún og Hrafnhildur Ásta sigruðu

Upplestrarkeppni Grandaskóla fór fram 8. mars. Þá kepptu sjöundu bekkingar um hver myndi að keppa í loka-keppninni í upplestrarkeppni Reykjavíkur sem fór fram 15. mars í Háteigskirkju.

Alls tóku 12 nemendur þátt í úrslitum og sigruðu þær Ásta Rún Jóhannsdóttir og Hrafnhildur Ásta Gísladóttir. Steinn Atlason var í þriðja sæti til vara.

Ásta Rún, Hrafnhildur Ásta og Steinn að keppni lokinni.





Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaeggín eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.



Helgihald um Páskana í Dómkirkjunni

Skírdagur

Fermingarmessa klukkan 11.00

Séra Sveinn Valgeirsson og séra Elínborg Sturludóttir.
Dómkórinn og Guðmundur Sigurðsson

Messa kl. 20.00

Séra Elínborg Sturludóttir og
séra Sveinn Valgeirsson. Dómkórinn og
Guðmundur Sigurðsson organisti.
Getsemanestund, andakt meðan altarið afskrýtt.

Föstudagurinn langi

Guðþjónusta kl. 11.00

séra Elínborg Sturludóttir, Dómkórinn
og Guðmundur Sigurðsson organisti.

Páskadagur

Hátíðarmessa kl. 8.00.

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og
dómkirkjuprestar þjóna fyrir altari. Dómkórinn og
Guðmundur Sigurðsson organisti.

Hátíðarmessa kl. 11.00.

Séra Elínborg Sturludóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar.
Dómkórinn og Guðmundur Sigurðsson organisti.

Annar í páskum

Messa kl. 11.00,

Séra Elínborg Sturludóttir, Dómkórinn
og Guðmundur Sigurðsson organisti.

Mínum á tíðasöng, örpilagrímagöngur, kyrrðarstundir, opna húsið,
kvöldkirkjuna og Bach tónleika.

Kvöldkirkjan 13. apríl kl. 20.00-22.00

Gestir í opna húsinu Lækjargötu 14a.

23. mars sr. Elínborg Sturludóttir

30. mars Janus Guðlaugsson lektor.

14. apríl Sigurður Þorvaldsson læknir

27. apríl Karl Sigurbjörnsson biskup

2. maí Vorferð

Sjá nánar á fésbókinni og domkirkjan.is
Gleðilega páska!

Tjörnin fyrirmyndarvinnustaður



Tjörnin valin fyrirmyndarvinnustaður ársins.

Fristundamiðstöðin Tjörnin var sigurvegari við val á fyrirmyndarvinnustöðum ársins í flokki starfsstaða með 50 eða fleiri starfsmenn hjá Reykjavíkurborg.
Á eftir Tjörnin komu frístundamiðstöðvarnar Miðberg, Brúin og Kringlumýri. Sameyki stéttarfélag

stendur fyrir vali á Stofnun ársins og er þetta í fyrsta sinn sem allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar taka þátt. Þá var öllu starfsfólki boðið að taka þátt burt séð frá stéttarfélagsaðild.

Ásmundur Einar í Vesturbæjarskóla

Ásmundur Einar Daðason menna- og barnamálaráðherra heimsótti Vesturbæjarskóla í tilefni þess að barnasáttmáli Sam-einuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi 20. febrúar 2013.

Ásmundur spjallaði við börnin og frumsýnd var nýtt myndband sem ráðuneytið bjó til í samstarfi við Krakkarúv um Barnasáttmálann. Börnin höfðu ýmsar spurningar til ráðherra eins og hvað hann gerir, hvaða grein í Barnasáttmálanum honum finnst vera mikilvægust, hvað hann væri gamall og hvað væri uppáhaldsmaturinn hans.

Ráðherranum var að sjálfsögðu afhent eintak af Barnaréttinda-fræðslubingói skólans og var hvattur til að fara í gegnum fræðsluna með sinni fjölskyldu.



Ásmundur Einar spjallar við krakka í smíðastofu Vesturbæjarskóla.

Margt gert í Frosta

Skíðaferð til Akureyrar

Margt og mikið var gert í Frosta í febrúar. Í byrjun mánaðar var árshátíð Hagaskóla haldin með pomp og prakt. Rapparinn Birnir steig á svið með tilheyrandi stemningu síðan hélt plötusnúðurinn DJ Dóra Júlía uppi stuðinu.

Frosta fór svo í sína árlegu skíðaferð um miðjan febrúar. Lagt var af stað árla morguns á föstudegi og brunað norður í Eyjafjörð. Þegar komið var á Akureyri var stefnan tekin beint á Hlíðarfjall og brekkurnar fylltust af tæplega sextíu ungmennum úr Vesturbænum, sem mörg hver voru að stíga sín fyrstu skref á skíðum eða bretti. Það var góð færð báða dagana og þá ekki annað í boði en að skíða eins mikið og hægt var. Heilt yfir var þetta mjög skemmtileg ferð, enda fátt betra en að bregða sér norður yfir helgi og bruna niður brekkur Hlíðarfjalls. DnD klúbbur Frosta hóf starfsemi sína á ný, en í þeim klúbbi hittast krakkar og spila



Í skíðaferð til Akureyrar. Myndin tekin í Hlíðarfjalli.

saman hlutverkaspilið „Dungeons and Dragons“ þar sem spilendur geta brugðið sér í allra kvikinda líki með mætti ímyndunaraflsins.

DnD klúbburinn hefur verið í starfandi í Frosta í fjöldamörg ár. Hópurinn spilar saman í samfélagshúsi Aflagrandar.

Nýjar vörur streyma inn



belladonna

ÞITT ER VALID!

Skólavörðuholt |

Háteigsvegur |

Hafnarfjörður |

Stúdíó Sýrland |

Árleyni |

Velkomin á **OPÍÐ HÚS**
í Tækniskólanum
þriðjudaginn 18. apríl
kl. 16:00–18:00

BYGGINGATÆKNISKÓLINN

- Húsasmíði ||
- Húsgagnasmíði |
- Málaraiðn |
- Múraraíðn |
- Pípulagnir |
- Tækniteiknun |
- Veggfóðrun og dúkalögn |

HÖNNUNAR- OG HANDVERKSSKÓLINN

- Gull- og silfursmíði |
- Hársnyrtiðn |
- Hönnunar- og nýsköpunarbraut |
- Fatatækni |
- Kjólasaumur |
- Klæðskurður |

RAFTÆKNISKÓLINN

- Rafvirkjun ||
- Rafeindavirkjun |
- Rafveituvirkjun |
- Rafvélavirkjun |

SKIPSTJÓRNARSKÓLINN

- Skipstjórn |

TÆKNIMENNTASKÓLINN

- Íslenskubraut fyrir útlendinga |
- K2: Tækni- og vísindaleið |
- Starfsbraut |

UPPLÝSINGATÆKNISKÓLINN

- Bókband |
- Grafísk miðlun |
- Ljósmyndun |
- Prentiðn |
- Tölvubraut |
- Tölvubraut / hönnun |

VÉLTÆKNISKÓLINN

- Jarðvirkjun |
- Rennismíði |
- Stálsmíði |
- Vélstjórn |
- Vélvirkjun ||


NÆSTA STIG

- Flugvirkjun |
- Hljóðtækni |
- Vefþróun |
- Stafræn hönnun |
- Hönnunar- og nýsköpunarbraut / fornám |

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



Samtal um verk Finnboga í Neskirkju



Finnbogi Pétursson myndlistarmaður.

Samtal um verk Finnboga Pétursson myndlistarmann verður á Torginu í Safnarheimili Neskirkju á föstudaginn langa annan apríl nk. og hefst kl. 12 á hádegi.

Torgið er að margra mati eitt framsæknasta sýningarrými á landinu. Þar hafa nokkrir af fremstu myndlistarmönnum þjóðarinnar sýnt verk sín og nú er þar uppi sýning Finnboga Péturssonar þar sem hann vinnur með hljóðið og þögnina í þremur verkum. Á föstudaginn langa, 2. apríl, verður efnt til dagskrár sem er helguð þessari sýningu. Dr. Gunnar Kristjánsson ræðir þar verkin og höfund þeirra. Við guðspjónustu kl. 11:00 verður lagt út af þeim stefnum sem listamaðurinn vinnur með og í framhaldi eða kl. 12 hefst samtalið. Kaffi verður á könnunni.

Að láta hjartað ráða

- páskahugvekja eftir séra Skúla Ólafsson

S kynsemin hefur sjálfsagt sagt konunum að ferðalag þetta væri með öllu óþarft. Þetta var að morgni fyrsta páskaðagsins og þær voru á leiðinni að gróf Jesú sem hafði tveim dögum áður verið negldur á kross. „Hver mun velta fyrir okkur steininum frá grafarmunnanum?“ spyrja þær og sögumaður lætur fylgja með steinn þessi hafi verið mjög stór.

Þrátt fyrir efasemdir sínar og fyrirvara, þá héldu þær í þessa för. Það var líka eins og hver hindrunin væri yfirstigin er þær voru komnar á leiðarenda. Fyrstu geislar sólarinnar ruddu burt myrkrinu. Gula litrófið tók völdin. Steininum hafði verið velt frá gröfinni og þar inni fengu þær fréttina um upprisuna.

Þær sneru aftur fullar af krafti og eldmóði og miðluðu fyrstar þessu fagnaðarerindi sem er kjarninn í boðskap kristinnar: „Kristur eru upprisinn!“

Þessi saga fjallar um birtu og von mitt í grafarmyrkrinu. Hún talar til okkar sem brjótum heilann um þann leyndardóm sem dauðinn er, tíminn, vitundin og allir þeir draumar sem dauðasvefnsins vitja. Hún talar líka til þeirra sem eiga mörg eftir að stíga þung spor við nýjar aðstæður eftir sáran missi. Já, það er svo margt í páskafrásögninni. Þar birtist okkur myrkur og ljós, von og ótti, undur og stórmerki.

Öðru fremur er þetta kraftaverkasaga af konum sem létu hjartað ráða. Þær fengu fyrstar fréttina. Og þær urðu fyrstar til að flytja hana áfram. Síðan hefur kristið fólk miðlað henni hvert til annars kynslóð eftir kynslóð.

Gleðilega páska!



ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

Veldu öruggt start með **TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Traust og fagleg þjónusta • **NYTT:** Vefverslun www.skorri.is

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bildshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

BÚUM VEL

**SÉRHÆFÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
VEGNA BÚSETUSKIPTA
MEÐ ÁHERSLU Á 60+**

Vantar þig þjónustu við dánarbússkipti, sölu og ráðstöfun eigna?

PASSÍUSÁLMAR Í SELTJARNARNESKIRKJU á Föstudaginn langa 7. apríl 2023

Allir fimmtíu Passíusálmar sr. Hallgríms Péturssonar lesnir af safnaðarfólki frá kl. 13:00 til 18:00.



Komið og dveljið lengur eða skemur. Njótið kyrrðar við ljúfan lestur og tónlist í kirkjunni. - Kaffiveitingar í safnaðarheimilinu.


Tónlist
Auður Hafsteinsdóttir (fíðla)
Friðrik Vignir Stefánsson (orgel).



Kirkjan verður opin öllum sem vilja hlýða á lesturinn þar. Viðburðinum verður einnig streymt á fésbókarsíðu Seltjarnarneskirkju fyrir þá sem vilja hlusta heima.

Hin vinsælu fræðsluerindi á undan guðspjónustum í kirkjunni á sunnudögum halda áfram til vors – hefst kl. 10 og lýkur fyrir messu kl. 11. Kaffisþjall kirkjugesta að lokinni guðspjónustu. Allir velkomnir.

GLEÐILEGA PÁSKA



Alltaf jafn gott
Eigðu Góa páska



Sjálfvirkur álestur og innheimta vegna hleðslukerfa rafbíla

Eignaumsjón, sem er leiðandi í faglegri þjónustu við fjöleignarhús á Íslandi, getur nú boðið húsfélögum upp á rekstur og innheimtupjónustu úr öllum helstu rafbílahleðslukerfum sem eru í notkun hérlandis með sjálfvirkum álestri og gagnsæjum upplýsingum um skiptingu kostnaðar á milli notenda og húsfélags. Jafnframt býður félagið upp á úttektir og ástandsgreiningar fyrir húsfélög sem eru að huga að uppsetningu hleðslukerfa, ásamt öflun samannborðarhæfra tilboða og aðstoð við ákvarðanatöku á löglega boðuðum húsfundi.

Þetta kom fram hjá Páli Þór Ármann, forstöðumanni þjónustusviðs Eignaumsjónar, á hádegisfundi sem félagið hélt á dögnum fyrir formenn og stjórnir húsfélaga sem eru þjónustu hjá félaginu. Aðrir framsögumenn á fundinum voru Tómasar Kristjánssonar, formaður Rafbílasambands Íslands og Leifur Eysteinnsson, fyrrum formaður stjórnar lóðar- og bílageymslufélags Álalindar 14-16 í Kópavogi.

Staða hleðslumála var í brennidepli á fundinum en fyrirkomulag hleðslu rafbíla í fjöleignarhúsum, bæði gömlum og nýjum, er meðal verkefna sem stjórnir margra húsfélaga standa enn frammi fyrir þó svo að í sumar verði liðin þrjú ár frá því að lögum um fjöleignarhús var breytt til að liðka fyrir rafbílavæðingu.

Fákeppnismarkaður sem er enn í mótun

Fram kom í erindi Tómasar Kristjánssonar að lagabreytingin árið 2020 hefði ýtt undir fjölgun rafbíla með því að setja skyldur á húsfélög að koma upp rafhleðslukerfum og auðveldað ákvarðanatöku. Hann taldi enn skorta á fræðslu sveitarfélaga og í einhverjum tilfellum aðgerðir, þar sem fjölmörg fjöleignarhús eigi ekki lóðir eða bílastæði, svo unnt sé að koma upp hleðslustöðvum.

Markaður í kringum hleðslukerfi rafbíla á Íslandi er enn í mótun sagði Tómas og hann beri yfirbragð fákeppni í dag, m.a. sé verðlag milli aðila oft ósanngjarn. Tómas kvaðst þó bjartsýnn á að samkeppni muni aukast eftir því sem rafbílum fjölgi og til lengri tíma litði stuðli það að bættum hag bæði rafbílaeigenda og húsfélaga.

Rafbílakerfið á ábyrgð húsfélagsins

Páll Þór Ármann lagði áherslu á að hleðslukerfi rafbíla í fjöleignarhúsum er hluti af sameiginlegu kerfi hússins og þar með á ábyrgð húsfélagsins. „Mikilvægt er að húsfélög vandi alla ákvarðanatöku og þar getum við lagt stjórnur húsfélaga lið“.

Þjónustan sem er í boði hjá Eignaumsjón vegna rafhleðslu í fjöleignarhúsum er í fyrsta lagi



Um sextíu boðsgestir mættu á hádegisfund Eignaumsjónar um hleðslu rafbíla í fjöleignarhúsum, hátt í fimmtíu fylgdust með honum í streymi. Fjölmargir hafa einnig horft á streymið eftir fundinn. Upptaka er aðgengileg á heimasíðu Eignaumsjónar. Mynd: Aðsend.

hlutlaus úttekt, eins og lög mæla fyrir um. Henni er fylgt eftir með verðsamanburði sambærilegra kerfa og öflun tilboða fyrir húsfélög sem þess óska, sem húsfundur viðkomandi félags tekur til afgreiðslu og ákvörðunar. Jafnframt býður Eignaumsjón nú upp á rekstur, umsjón og eftirlit með rafhleðslukerfum í fjöleignarhúsum. Í boði er sjálfvirkur álestur og innheimta úr helstu hleðslukerfum sem eru í notkun hérlandis, s.s. Faradice, Hleðsluvaktinni, Ískraft(EO), Ísorku,

N1, Rafbox og Raflausnum og viðskiptavinir Eignaumsjónar njóta hagstæðasta raforkuverðs á markaði á hverjum tíma. Þá gat Páll þess að hjá húsfélögum í þjónustu hjá Eignaumsjón er notkunin innheimt með húsgjöldunum, sem lækkar kostnað við greiðslumiðlun.

Rafhleðslukerfi eykur virði fasteigna

Fram kom hjá bæði Tómasi og Páli að hleðslukerfi rafbíla auki virði fasteigna og Páll benti líka á að við

útgáfu húsfélagsfyrirlysinga vegna sölu fasteigna væri nú upplýst hvert fyrirkomulag rafbílahleðslu er í viðkomandi fjöleignarhúsi.

Í lok fundar var sögð reynslusaga úr Álalind 14-16, þar sem sett var upp rafhleðslukerfi fyrir nokkrum árum og gekk á ýmsu. „Ef þær upplýsingarnar sem kynntar voru hér á fundinum hefðu legið fyrir á þeim tíma, hefði okkar barátta verið mun auðveldari, sagði Leifur Eysteinnsson, sem var formaður stjórnar lóðar- og bílageymslufélagsins á þeim tíma.



Barnabílstólar í úrvali





BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Sysstrasamlagið



Möntru armbönd, kósý föt,
góð næring og aðrar gjafir.



Óðinsgötu 1 101 Reykjavík sysstrasamlagid.is

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

@sysstrasamlagid
Sími: 511 6367



TAKK ÉG

Þú munt þakka þér fyrir sparnaðinn



Kjartan lagði til upphituð strætóskýli

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi sjálfstæðis-manna mælir fyrir tillögu um upphituð og skjólgóð strætóskýli í Reykjavík. Tillagan sem reyndar var ekki tekin á dagskrá var svohljóðandi. “Borgarstjórn samþykkir að ráðist verði í uppsetningu skjólgóðra og upphitaðra biðskýla fyrir strætis-vagnafarþega í Reykjavík. Slíkum skýlum verði komið fyrir á fjölförnum biðstöðvum í öllum hverfum borgarinnar í því skyni að bæta aðstæður farþega og fjölga viðskiptavinum Strætó.”



Upphitað strætóskýlið hjá Þjóðminjasafninu og Háskóla Íslands við Hringbraut.

Upphituð strætóskýli eru vel þekkt erlendis frá. Fyrstu skýlin af þessari gerð hafa nú verið tekin í notkun í Garðabæ og Hafnarfirði. Skýlið í Garðabæ er með upphitunarbúnaði þar sem skynjari setur hitunarbúnaðinn af stað þegar farþegi kemur í skýlið. Mikil þróun hefur átt sér stað í byggingu biðskýla víða um heim á undanförunum árum. Í mörgum erlendum borgum þar sem vetrarveður eru tíð er nú lögð áhersla á að reisa nýja tegund biðskýla. Skýla sem verja farþega fyrir veðri og vindum úr öllum áttum. Biðskýli í Reykjavík eru án upphitunar en ástæður til að farþegum almenningssamganga standi slík skýli til boða er augljós.



Netverslun: systrasamlagid.is

DARTVÖRUR Í ÚRVALI



Siðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Reykjavíkurborg hlýtur Evrópustyrk

Reykjavíkurborg og samstarfsaðilar hennar fengu á dögunum vilyrði fyrir fjögurra ára styrk í gegnum Horizon Europe ramma-áætlun Evrópusambandsins. Verkefnið heitir AMIGOS og lítur að bættu öryggi og upplifun ólíkra vegfarenda í kringum samgöngukjarna.

Styrkur vegna þátttöku Reykjavíkurborgar er um 75 milljónir og verða umbreytingar við Hlemm og nágrenni á næstu árum helsta viðfangsefnið í framlagi Reykjavíkur til verkefnisins. Alls taka 28 samstarfsaðilar frá 16 löndum þátt og verða samgöngureitir innan tíu borga skoðaðir með úrbætur í huga. Meðal samstarfsborga eru Hamborg, Istanbul, Bologna, Las Rozas, Lappeenranta og Nazaret. Reykjavíkurborg hefur í nokkur ár unnið skipulega að aukinni þátttöku



Frá Hlemmi.

í alþjóðlegum nýsköpunar- og þróunarverkefnum, með aðkomu Horizon 2020 og nú Horizon Europe. Með þessari þátttöku er

verið að efla þekkingu borgarinnar á framsæknum hugmyndum og lausnum.

Laugarnar í Reykjavík

PÁSKA STUNNA

AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKA 2023

Skirdagur	Föstud. langi	Laugardagur	Páskadagur	2. í Páskum	Sumard. fyrsti	Verkalýðsdagur
6. apríl	7. apríl	8. apríl	9. apríl	10. apríl	20. apríl	1. maí
Árbæjarlaug	Lokað	Lokað	9–22	Lokað	11–18	Lokað
Breiðholti-laug	11–18	Lokað	9–22	Lokað	Lokað	11–18
Dalslaug	Lokað	11–18	9–22	Lokað	Lokað	11–18
Grafarvogslaug	Lokað	Lokað	9–22	11–18	Lokað	Lokað
Klébergslaug	11–18	11–18	11–18	Lokað	11–18	11–18
Laugardalslaug	8–22	10–18	8–22	10–18	8–22	8–22
Sundhöllin	Lokað	11–18	8–22	Lokað	11–18	Lokað
Vesturbæjarlaug	11–18	Lokað	9–22	11–18	Lokað	11–18
Ylströndin	Lokað	Lokað	11–16	Lokað	11–16	Lokað
Fjölsk.- og húsd.	10–17	10–17	10–17	10–17	10–17	10–17
Skíðasvæðin *	10–17	10–17	10–17	10–17	10–17	10–17

SÝNUM HVERT ÖÐRU TILLITSSEMI

Ársól, Eiríkur og Lára Íslandsmeistarar í borðtennis

- KR vann nær helming allra verðlauna

Ársól Clara Arnardóttir, Eiríkur Logi Gunnarsson og Lára Ívarsdóttir sigruðu í sínum flokkum á Íslands-mótiinu í borðtennis, sem fram fór í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði dagana 3. til 5. mars.

Ársól sigraði í 1. flokki kvenna, Eiríkur í 1. flokki karla og Lára í 2. flokki kvenna. Aldís Rún Lárusdóttir var eini KR-ingurinn sem lék til úrslita í meistara flokki, en hún lék til úrslita í tvíliðaleik kvenna með Sól Kristínardóttur Mixa úr BH. Þær töpuðu í úrslitum fyrir Evu Jósteinsdóttur og Lilju Rós Jóhannesdóttur úr Víkingi, eftir að hafa slegið út meistara fyrra árs í undanúrslitum. Aldís fékk auk þess brons í einliðaleik í meistara flokki og í tvenndarleik með Davíð Jónssyni. Ellert Kristján Georgsson og Gestur Gunnarsson unnu til bronsverðlauna í tvíliðaleik karla og Ellert og Þóra Þórisdóttir unnu brons í tvenndarleik. KR vann tæplega helming allra verðlauna á mótiinu eða 17,5 alls, en keppt var í 9 flokkum og eru fern verðlaun veitt í hverjum flokki. KR átti alla verðlaunahafa í 1. og 2. flokki kvenna.



Borðtennisfólk úr KR.

Simen Lillevik Kjellehold í markið hjá KR

KR-ingar eru búnir að finna markvörð til að fylla í skarðið sem Beittir Ólafsson skildi eftir sig þegar hann ákvað að setja fótballaskóna á hilluna. Hinn nýi markvörður heitir Simen Lillevik Kjellehold mun verja KR-markið í bestu deild karla í sumar. Hann er 28 ára gamall Norðmaður.

Kjellehold hefur spilað í Noregi allan ferilinn og þar á meðal hjá liðum eins og Stabæk, Kongsvinger

og Strømmen. Hann lék síðast með Grorud IL í norsku b-deildinni þar sem hann fékk á sig 69 mörk í 30 leikjum. Ole Martin Nesselquist, nýr þjálfari KR, þekkir Kjellehold mjög vel en hann fékk hann til Strømmen fyrir þremur árum síðan. Kjellehold verður ekki fyrsti norski markvörður KR-inga því áður hafa þeir André Hansen og Lars Ivar Moldskred spilað með liðinu í efstu deild.



Simen Lillevik Kjellehold.

Ný stjórn knattspyrnudeildar KR

Ný stjórn knattspyrnudeildar var kosin í gær á aðalfundi deildarinnar.

Stjórn knattspyrnudeildar 2023-2024: Páll Kristjánsson, formaður - aðrir meðstjórnendur: Berglind Guðmundsdóttir, Einar Örn Jónsson, Indriði Sigurðsson, Katrín Ómarsdóttir, Ólafur Már Ólafsson, Sindri Snær Jensson, Valdís Arnórsdóttir

Við hlökkum til komandi starfsárs með nýrri stjórn ségri á heimasíðu KR.



ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR

Traust og fagleg þjónusta • NYTT: Vefverslun www.skorri.is

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

HAMBORGARA

Búllan

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

FYRIRTAÐ

málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK

OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Frí sólglar

Fylgja með kaupum á hágæða gleraugum.*
Skoðaðu úrvalið á **eyesland.is**

*Tilboð gildir af hágæða margskiptum og einfókus glerjum.

**Eyesland opnar fljótlega nýja verslun
á Keflavíkurflugvelli!**

Grandagarði 13 • Glæsibæ, 5.hæð • eyesland.is

eyesland